CCU
Crohn´s og Colitis Ulcerosa samtökin
FRÉTTABRÉF | 3. TBL - 21. ÁRG | OKT. 2025



ÞÚ SÉRÐ ÞAÐ EKKI UTAN Á MÉR

ccu.is

# 30 ÁRA AFMÆLISMÁLÞING CCU

## NAUTHÓLL - 23. október 2025 kl 17:00

Veislustjóri:
Unnur Elísabet Gunnarsdóttir sviðslistakona

Fyrirlesarar:
Ásgeir Theódórs meltingarsérfræðingur
Anna Lind Traustadóttir næringarfræðingur
Anna Soffía Guðmundsdóttir og
Ingibjörg Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingar LSH
Persónuleg frásögn

Eftir fyrirlestra verður boðið upp á léttar veitingar

Skráning er á Facebook síðu CCU og hvetjum við alla sem geta til mæta á staðinn og eiga góða stund saman. Streymt verður á Teams og hlekkurinn kemur samdægurs inn á Facebook síðuna

## NORÐURLANDAFUNDUR

Hulda og Elísabet mættu á fundinn sem haldinn var 12. til 13. september í Kaupmannahöfn. Félögin kynntu starfsemi síðasta árs og ýmis önnur málefni voru rædd; m.a. notkun gerfigreindar í tengslum við sjúkdómana, norskt verkefni um aukið aðgengi að almenningssalernum og innleiðingu DIVA í Danmörku. “Gut advisor appið” sem notar gervigreind með þekkingu á sjúkdómunum til að létta á heilbrigðiskerfinu og einnig var rætt um meiri norræna samvinnu. Fram kom hugmynd um að stofna norrænan ungliðahóp til að styrkja ungliðana sem er mikilvægur þáttur í starfinu.



## ÖBÍ OG ECCO

Aðalfundur ÖBÍ verður haldinn á Grand hóteli Sigtúni þann 3. og 4. október. Hulda, Elísabet og Sigurborg mæta á fundinn. Meðal annars á dagskrá er formannskjör og kosið verður um formenn fastra málefnahópa.

Edda gefur kost á sér til áframhaldandi setu í kjörnefnd en verður fjarri góðu gamni þar sem hún verður sömu helgi í Berlín að taka þátt í 4. fundi fulltrúa sjúklinga á vegum ECCO, samtaka meltingarlækna í Evrópu.

***SPAKMÆLI MÁNAÐARINS***

Eigi ferðalag að heppnast vel verður maður að eiga góðan stað til að leggja upp frá og góðan stað til að koma heim til.

*Ókunnugur höfundur*

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

**Formaður** Edda Svavarsdóttir | **Varaformaður** Elísabet Sverrisdóttir | **Gjaldkeri** Hulda Björg Þórðardóttir | **Ritari** Sóley Veturliðadóttir | **Meðstjórnandi** María Olsen
**Varamenn** Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir | **Vefstjóri** Svavar Kjarrval